## 183 FIRMNATILKYNNINGAR

Samkvæmt lögum nr. 42, 13. nóvember 1903, um verzlunarskrár, firmu og prókúruumboð, hafa eftirgreindar tilkynningar verið auglýstar 1935.

### 1. Reykjavík.

1. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirritaðir rekum með ótakmarkaðri ábyrgð verzlun hér í bænum undir firmanafninu „Kjötsalan". Hvor okkar um sig hefir rétt, að rita firmað, og ritum við það þannig:

Kjötsalan
Ól. Bjarnason.
Kjötsalan
Sig. Steindórsson.

2. Hér með afturkallast prókúruumboð það, er við á sínum tíma veittum verzlunarmanni Sigurði Þórðarsyni, Öldugötu 55, fyrir firmað Bræðurnir Ormsson, Reykjavík.

Reykjavík, 17. janúar 1935.
Bræðurnir Ormsson.
E. Ormsson.

3. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirritaður rek hér í bænum með ótakmarkaðri ábyrgð iðnað til framleiðslu á klæðnaði ýmiskonar og annan skyldan atvinnurekstur undir firmanafninu

Verksmiðjan Fönix
O. Kornerup-Hansen.

Firmað rita ég þannig:

Verksmiðjan Fönix
O. Kornerup-Hansen.
Reykjavík, 24. janúar 1935.
O. Kornerup-Hansen,
Suðurgötu 10.

183

4. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirritaður rek með ótakmarkaðri ábyrgð veiðarfæragerð hér í bænum undir firmanafninu „Taumagerðin“.

Ég einn hefi rétt til að rita firmað og rita það þannig:

Taumagerðin
G. Sveinsson.
Reykjavík, 8. jan. 1935.
Guðmundur Sveinsson,
Bárugötu 17, Reykjavík.

5. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirritaðir höfum selt hr. Sigurþóri Guðmundssyni, Hverfisgötu 112, okkar hluta í firmanu „Barónsbúð“ hér í bænum og erum þar með gengnir úr nefndu firma. Eru því skuldbindingar þess okkur óviðkomandi frá og með deginum í dag að telja.

Reykjavík, 28. janúar 1935.
Guðm. Sæmundsson. Eiríkur Guðmundsson.

Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirritaður hefi keypt hluta Guðmundar Sæmundssonar og Eiríks A. Guðmundssonar í firmanu Barónsbúð og rek áður nefnt firma með ótakmarkaðri ábyrgð.

Firmað rita ég einn þannig:

Barónsbúð
Sigurþór Guðmundsson.
Reykjavík, 28. janúar 1935.
Sigurþór Guðmundsson.

6. Hér með gef ég herra Ó. G. Eyjólfssyni, Laugavegi 87, Reykjavík, prókúruumboð fyrir snyrtistofuna „Edina“, Pósthússtræti 13, Reykjavík.

Prókúruhafi ritar firmað þannig:

p. p. Snyrtistofan Edina
Ó. G. Eyjólfsson.
Reykjavík, 30. janúar 1935.
Sigurborg Ólafsdóttir.

7. Samkvæmt tilkynningu til hlutafélagaskrár Reykjavíkur er skrásett Andersen & Lauth H/F. Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík. Tilgangur félagsins er að reka klæðaverzlun og saumastofu og allt, er stendur í sambandi við slíkan atvinnurekstur. Dagsetning samþykkta félagsins er 15. október 1934. Stofnendur: Þóra Andersen, húsfrú, Aðalstræti 16, Tómas Jónsson, kaupmaður, Laugavegi 32, Jón Thordarson, framkvæmdarstjóri,

183 Garði, Skildinganesi, Sveinn Þórðarson bankagjaldkeri, Bræðraborgarstíg 35, F. A. Andersen, endurskoðandi, Aðalstræti 16, Magnús Jónsson, gjaldkeri, Aðalstræti 16. Stjórn félagsins skipa: Tómas Jónsson, Laugav. 32, Jón Thordarson, Garði, Skildinganesi, og Þóra Andersen Aðalstr. 16. Firmað rita tveir stjórnendur saman. Hlutafé félagsins er kr. 20000.00, er greinist í 19 hluti á kr. 1000.00 og 10 hluti á kr. 100.00. Hlutafjársöfnun er lokið og 18 þúsund krónur greiddar. En hið ógreidda hlutafé er kræft fyrirvaralaust. Hlutabréfin hljóða á nafn. Engin sérréttindi fylgja nokkrum hlutum. En verði hlutaféð aukið, hafa hluthafar forkaupsrétt til að skrifa sig fyrir nýjum hlutum í hlutfalli við hlutaeign sína í félaginu. Engin lausnarskylda hvílir á hlutum í félaginu. Hlutabréfin má veðsetja, en stjórn félagsins hefir forkaupsrétt á hlutum, er einstakir hluthafar kunna að vilja selja, þó ekki nema að 10% hlutafjárins. Atkvæðisréttur er samkv. hlutafélagalögunum frá 1921, 31. gr. Fundi félagsins skal boða í pósti.

Reykjavík, 15. október 1934.

Tómas Jónsson. J. Thordarson. Þ. Andersen.

Stjórnin ritar firmað þannig:

Andersen & Lauth H/F
Þ. Andersen. Tómas Jónsson.

Andersen & Lauth H/F
Þ. Andersen. J. Thordarson.

Andersen & Lauth H/F
Tómas Jónsson. J. Thordarson.

8. Hér með tilkynnist til firmaskrárinnar, að starfsemi Hjálpræðishersins allsstaðar á Íslandi er hér eftir rekin sem sjálfstæð trúar- og líknarstarfsemi undir nafninu: Hjálpræðisherinn á Íslandi, er stendur beint undir yfirstjórn aðalskrifstofu Hjálpræðishersins í London (þ. e. undir yfirstjórn hershöfðingja Hjálpræðishersins á hverjum tíma), á sama hátt og þessu er fyrir komið í öðrum Evrópulöndum.

Jafnframt tilkynnist hér með til firmaskrárinnar, að undirrituð, Evangeline Booth, núverandi hershöfðingi Hjálpræðishersins, með undirskrift sinni undir skjal þetta, veitir þeim herrum: Adjutant Ernst Molin og Kaptain Johan Överby, sem báðir eiga heimili í Reykjavík, sameiginlegt prókúruumboð (kollektivt prokura), til þess að rita nafn Hjálpræðishersins á Íslandi samkvæmt lögum nr. 42, frá 13. nóv. 1903, og rita þeir þannig:

pr. pr. Hjálpræðisherinn á Íslandi
Ernst Molin. Johan Överby.

Það skal tekið fram, að umboð þetta nær ekki til þess að kaupa, selja eða veðsetja fasteignir (hús eða lóðir), sem Hjálpræðisherinn á Íslandi á eða

kann að eignast, en til þess þarf sérstakt umboð skriflegt frá hershöfðingjanum á hverjum tíma. **183**

Ofanritaðri tilkynningu til staðfestu rita ég nafn mitt.

London, 25. janúar 1935.

Evangeline Booth.

9. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirrituð rek með ótakmarkaðri ábyrgð smásöluverzlun hér í bænum undir firmanafninu Glasgow.

Ég ein hefi rétt til að rita firmað og rita það þannig:

Glasgow

Sigríður Stefánsdóttir.

Reykjavík, 4. marz 1935.

Sigríður Stefánsdóttir,

Sóleyjargötu 19.

10. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirritaðir feðgar, Ágúst Sigurðsson, Brávallagötu 20, Rvík, og Henrik W. Ágústsson, s. st., rekum í félagi prentsmiðju í Austurstræti 12 í Rvík undir nafninu „Prentsmiðja Ágústs Sigurðssonar“ (skammstafað P. Á. S.). Við eigum sinn helminginn hvor í prentsmiðjunni og berum innbyrðis kostnað og tökum ágóða til helminga, en gagnvart þriðja manni erum við ábyrgir fyrir skuldbindingum félagsins, annar fyrir báða og báðir fyrir annan.

Til þess að sala eða veðfesting á prentsmiðjunni geti verið gild, verður undirskrift okkar beggja að koma til.

Annars hefir hvor okkar rétt til að rita félagið og ritum við það þannig:

Prentsm. Ágústs Sigurðssonar

Ágúst Sigurðsson.

Prentsm. Ágústs Sigurðssonar

Henrik W. Ágústsson.

Reykjavík, 19. febrúar 1935.

Ágúst Sigurðsson. Henrik W. Ágústsson.

11. Ég, Haraldur Hagan, úrsmiður í Reykjavík, gef hér með konu minni, Lárettu Eiríksdóttur Hagan, umboð sem prókúrista fyrir skrautgripaverzlun mína í Austurstræti 3, Reykjavík, og hefir hún öll réttindi prókúrista samkvæmt gildandi lögum.

Firmað ritar hún þannig:

pr. pr. Verzl. Haraldar Hagan

Láretta Hagan.

Reykjavík, 12. febrúar 1935.

Haraldur Hagan.

**183** 12. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirrituð Erla Egilson hefi selt frk. Anne Marie Östergaard minn hluta í firmanu „Tízkuhúsið Juno", og er ég þar með gengin úr nefndu firma. Eru því skuldbindingar firmans mér óviðkomandi frá 1. jan. 1935 að telja.

Reykjavík, 25. jan. 1935.
Erla Egilson.

Samkvæmt ofanrituðu tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirrituð, Anne Marie Östergaard, hefi keypt hluta frú Erlu Egilson í firmanu „Tízkuhúsið Juno", og rek ég ein áðurnefnt firma með ótakmarkaðri ábyrgð frá 1. janúar 1935 að telja. Firmað rita ég ein þannig:

Tízkuhúsið Juno
Anne Marie Östergaard.
Reykjavík, 25. jan. 1935.
Anne Marie Östergaard.

13. H/f Hamar og Vélsmiðjan Héðinn í Reykjavík tilkynna, að þau hafi stofnað sameignarfélag með ótakmarkaðri ábyrgð undir nafninu „S/f Stálsmiðjan", sem tekur að sér alla plötuvinnu við skip, smíði á geymum o. fl., alla profiljárnsmíði við skip, brúarsmíði o. fl. og ketilsmíði við skip, smíði á landkötlum og allar ketilviðgerðir. — Firmanu stjórna tveir framkvæmdarstjórar, og þarf undirskrift beggja til þess að skuldbinda firmað. — Hvor stofnenda leggur 45000 krónur inn í firmað. — Framkvæmdarstjórarnir eru: Benedikt Gröndal, verkfr., Bergstaðastræti 79, og Bjarni Þorsteinsson, vélfræðingur, Ægisgötu 27, Rvík, og rita þeir firmað þannig:

S. F. Stálsmiðjan
B. Þorsteinsson. Ben. Gröndal.
Reykjavík, 29. des. 1934.
pr. Hlutafélagið „Hamar"
Hjalti Jónsson. Steindór Gunnarsson. Th. Krabbe.
Vélsmiðjan „Héðinn"
Markús Ívarsson.

14. Ég undirritaður, Einar Bjarnason, cand. juris, Smáragötu 6, Reykjavík, tilkynni hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að ég hefi frá 1. september 1934 gengið úr firmanu „Kauphöllin" og afsala mér öllum réttindum gagnvart því og tek enga ábyrgð á skuldbindingum þess frá þeim tíma.

Jafnframt fellur niður prókúruumboð það, er ég hefi haft fyrir firmað.

Reykjavík, 9. febrúar 1935.
Einar Bjarnason.

Samkvæmt ofanrituðu hefir Einar Bjarnason, cand. juris, gengið úr firmanu Kauphöllin, en í stað hans hefir gengið inn í firmað Aron Guð-

brandsson, Ránargötu 7, Rvík, og ber hann ábyrgð á skuldbindingum firm- **183**
ans frá 1. september 1934. Enn fremur hefir honum verið falið prókúruumboð fyrir firmað, og undirritar hann firmað þannig sem prókúruhafi:

pr. pr. Kauphöllin
Aron Guðbrandsson.

Reykjavík, 9. febrúar 1935.

Einar Kristjánsson. Stefán Bjarnason. Aron Guðbrandsson.

15. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirritaðir rekum í félagi með ótakmarkaðri ábyrgð klæðaverzlun og saumastofu og allt, sem stendur í sambandi við slíkan atvinnurekstur, undir firmanafninu Vigfús Guðbrandsson & Co.

Báðir höfum við rétt til að rita firmað og ritum það þannig:

Vigfús Guðbrandsson & Co.
Vigfús Guðbrandsson.
Vigfús Guðbrandsson & Co.
Guðmundur Sæmundsson.

Reykjavík, 28. febrúar 1935.

Vigfús Guðbrandsson, Guðm. Sæmundsson.
Brávallagötu 20.

16. Á aðalfundi F.v.h.f. „Hængur“ í Reykjavík, 28. febr. þ. á., gekk úr stjórn félagsins trésmíðameistari Sverrir Sverrisson, en í stað hans var kosinn skipasmiður Einar Einarsson, Nýlendugötu 18, Reykjavík.

Reykjavík, 5. marz 1935.
Í stjórn „Hængs“

Vigfús Guðmundsson. Þorgr. Sigurðsson. Einar Einarsson.

17. Til hlutafélagaskrár Reykjavíkur tilkynnist, að á aðalfundi Eimskipafélagsins „Fram“ h.f., þ. 26. janúar s. l., gengu úr stjórn félagsins þeir Gunnar Þorsteinsson, lögfr., Þórður Eyjólfsson, prófessor, Guðmundur Kristjánsson, kaupm., og Árni Gunnlaugsson, skipstjóri. Sömuleiðis varastjórnandinn Steingrímur Arnórsson, gjaldkeri.

Í stað þeirra voru kosnir eftirtaldir hluthafar: Valdimar Norðfjörð, heildsali, Bárugötu 12, Páll Þorkelsson, kaupm., Grettisgötu 2, Jón St. Arnórsson, skrifstm., Laufásvegi 10, og Sigurgísli Guðnason, kaupm., Tjarnarg. 38. Varastjórnandi var kosinn Sigurður Þ. Skjaldberg, kaupm., Laugavegi 49. Endurkosinn var Níels Carlsson, frkvst., Laugavegi 37, og er hann formaður stjórnarinnar.

Reykjavík, 6. marz 1935.

Níels Carlsson. Sig. Þ. Skjaldberg. Jón St. Arnórsson.
Páll Þorkelsson. Sigurgísli Guðnason.

183 18. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirritaðir rekum firma hér í bænum undir nafninu „Verksmiðjan Vagninn“. Tilgangur félagsins er að framleiða og gera við allskonar barnavagna, stálkerrur, dúkkuvagna, barnahjól og ýms önnur leikföng.

Félagsmenn eru Ólafur Kristjánsson og Guðm. J. Breiðfjörð, báðir til heimilis á Laufásv. 4. Ólafur Kristjánsson ber einn ábyrgð á rekstri félagsins, en til þess að veðsetja eignir félagsins þarf undirskrift beggja félagsmanna.

Hvor félagsmaður leggur í félagið kr. 500.

Firmaritun:

Verksmiðjan Vagninn
Ólafur Kristjánsson.
Verksmiðjan Vagninn
Ólafur Kristjánsson. Guðm. J. Breiðfjörð.
Reykjavík, 22. marz 1935.
Ólafur Kristjánsson. Guðm. J. Breiðfjörð.

19. Hér með afturkallast prókúruumboð það, er ég veitti herra Óla M. Ísakssyni fyrir verzlun mína 28. nóvember 1934.

Reykjavík, 9. apríl 1935.
Sveinn Egilsson,
Fjölnisv. 3.

20. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirritaðir rekum í félagi, sem fullábyrgir félagar, efnagerð undir firmanafninu Efnagerðin Valur, og getur hvor um sig skuldbundið firmað við allan daglegan rekstur þess, en við veðsetningu eigna þess og lántökur þarf undirskrift okkar beggja.

Firmaritun:

pr. Efnagerðin Valur
Björgvin Grímsson.
pr. Efnagerðin Valur
Runólfur Pétursson.
pr. Efnagerðin Valur
Runólfur Pétursson. Björgvin Grímsson.
Reykjavík, 3. apríl 1935.
Runólfur Pétursson, Björgvin Grímsson,
Laufásv. 27. Þórsg. 14.

21. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að ég hefi selt Ingibergi Pálssyni, Bergstaðastr. 28, verzlunina Esju frá 1. jan. þessa árs að telja.

Reykjavík, 14. marz 1935.
Sigurjón Sigurðsson.

Samkvæmt ofanrituðu hefi ég keypt verzlunina Esju og rek ég hana áfram undir sama nafni og með ótakmarkaðri ábyrgð. 183

Firmað rita ég þannig:

Verzlunin Esja
Ingibergur Pálsson.
Reykjavík, 14. marz 1935.
Ingibergur Pálsson.

22. Það tilkynnist hér með til firmaskrárinnar, að við höfum hætt að reka verzlun okkar, verzlunina Vaðnes á Laugavegi 28, en selt firmanafnið „Vaðnes" þeim Björgvin P. Jónssyni og Þorsteini Jónssyni, Klapparstíg 31, hér. Hinir nýju eigendur firmanafnsins bera enga ábyrgð á skuldbindingum firmans til kaupdags. Prókúruumboð það, er Hjörtur Hansson hefir haft fyrir verzlunina Vaðnes, afturkallast hér með.

Reykjavík, 11. marz 1935.
Erlendur Pétursson. Ol. Nielsen.

Samkvæmt ofanrituðu höfum við undiritaðir keypt firmanafnið verzlunin „Vaðnes", og rekum við hér eftir verzlun okkar undir því nafni. Við eigum sinn helminginn hvor í verzluninni og berum innbyrðis kostnað og tökum ágóða til helminga, en gagnvart þriðja manni erum við ábyrgir fyrir skuldbindingum verzlunarinnar, annar fyrir báða og báðir fyrir annan. Til þess að sala eða veðsetning á verzluninni geti verið gild, verður undirskrift okkar beggja að koma til. Firmað ritum við þannig:

Verzl. „Vaðnes"
B. P. Jónsson.
Verzl. „Vaðnes"
Þorsteinn Jónsson.
Verzl. „Vaðnes"
B. P. Jónsson. Þorsteinn Jónsson.
Reykjavík, 11. marz 1935.
Björgvin P. Jónsson, Klapparstíg 31. Þorsteinn Jónsson, Klapparstíg 31.

23. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirritaðir rekum í félagi með ótakmarkaðri ábyrgð allskonar málningarvinnu undir firmanafninu Bjarni & Ottó. Báðir höfum við rétt til að rita firmað og ritum það þannig:

Bjarni & Ottó
Bjarni Magnússon.
Bjarni & Ottó
Ottó Guðmundsson.
Bjarni Magnússon, Vesturgötu 42. Ottó Guðmundsson, Laugavegi 134.

183 24. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að undirritaður, Ólafur B. Ólafs, húsgagnasmíðameistari, Vesturgötu 16, Reykjavík, er genginn úr firmanu Smíðastofan „Reynir“, og að skuldbindingar firmans eru honum óviðkomandi frá 1. jan. 1935 að telja.

Reykjavík, 16. maí 1935.

Ólafur B. Ólafs. Jónas Sólmundsson. Garðar Hall.

25. Vér leyfum oss hér með að tilkynna til firmaskrár Reykjavíkur, að ég meðundirrituð, Ingibjörg Cl. Þorláksson, sit í óskiptu búi eftir meðeiganda firmans, Jón Þorláksson, sem andaðist 20. marz þ. á., og er því orðin félagi í firmanu J. Þorláksson & Norðmann í hans stað, en undirskrift mín fyrir firmað er þannig:

J. Þorláksson & Norðmann
Ingibjörg Cl. Þorláksson.

Meðundirritaður Óskar Norðmann veitir firmanu forstöðu og ritar nafn þess eins og hingað til.

Reykjavík, 10. maí 1935.
J. Þorláksson & Norðmann
Ingibjörg Cl. Þorláksson. Ó. Norðmann.

26. Við undirritaðir, Baldvin Pálsson, kaupmaður, Hafnarstræti 5, Rvík, og Halldór P. Dungal, Marargötu 6, Rvík, tilkynnum hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að við rekum í félagi með ótakmarkaðri ábyrgð ferðaskrifstofu undir nafninu „Ferðaskrifstofan Gullfoss“ eða „Gullfoss touristbureau“. Báðir höfum við rétt til að rita firmað, og ritum það þannig:

Ferðaskrifstofan Gullfoss
Baldvin Pálsson.
Ferðaskrifstofan Gullfoss
Halldór P. Dungal.

Reykjavík, 28. maí 1935.

Baldvin Pálsson. Halldór P. Dungal.

27. Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs veitir hér með forstjóra Sigurði Jónassyni, Amtmannsstig 4, Reykjavík, prókúru-umboð fyrir Raftækjaeinkasölu ríkisins, og ritar hann firmað þannig:

Pr. pr. Raftækjaeinkasala ríkisins
Sigurður Jónasson.

Reykjavík, 21. maí 1935.

Eysteinn Jónsson.

28. Fjármálaráðuneytið fyrir hönd ríkissjóðs veitir hér með Oscar Hans Ziegler, Ránargötu 3, Reykjavík, prókúru-umboð fyrir Raftækjaeinkasölu ríkisins, og ritar hann firmað þannig: 183

Pr. pr. Raftækjaeinkasala ríkisins
O. H. Ziegler.
Fjármálaráðuneytið, 13. júní 1935.
Eysteinn Jónsson.

29. Hér með veitist ungfrú Steinunni Ingimundardóttur prókúruumboð fyrir h.f. Ölgerðin Egill Skallagrímsson.

Firmað ritar hún þannig:

p. p. H.f. Ölgerðin Egill Skallagrímsson
Steinunn Ingimundard.
Reykjavík, 6. maí 1935.
Tómas Tómasson. Björn Ólafs. Kristinn Sigurðsson.

30. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirrituð, Fríður Guðmundsdóttir, Bjargarstíg 14, rek hér í bænum með ótakmarkaðri ábyrgð gleraugnaverzlun undir firmanafninu Gleraugnaverzlunin Optik.

Ég ein hefi rétt til að rita firmað, og rita það þannigð:

Gleraugnaverzlunin Optik,
Fríður Guðmundsdóttir.
Reykjavík, 8. júlí 1935.
Fríður Guðmundsdóttir.

31. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að meðundirritaður, Ben. Þ. Gröndal, er frá deginum í dag genginn úr firmanu „Hauksbúð", Nönnugötu 16, hér í bæ, og eru skuldbindingar firmans frá þeim tíma honum óviðkomandi. Hins vegar rekur undirritaður, Haukur Gröndal, firmað áfram á sína ábyrgð að öllu leyti, og hefir hann einn rétt til að rita firmað.

Reykjavík, 1. ágúst 1935.
B. Þ. Gröndal. Haukur Gröndal.

32. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirritaður rek smásöluverzlun hér í bænum með ótakmarkaðri ábyrgð undir firmanafninu Ármannsbúð. Ég einn hefi rétt til að rita firmað og rita það þannig:

Ármannsbúð
Á. K. Eyjólfsson.
Reykjavík, 12. ágúst 1935.
Ármann K. Eyjólfsson,
Fjölnisveg 4.

183 33. Hér með tilkynnist til hlutafélagaskrár Reykjavíkur, að á aðalfundi í h.f. Hampiðjan, sem haldinn var hinn 20. júní s. l., varð sú breyting á stjórn félagsins, að í stað Bergþórs Teitssonar, skipstjóra, var kosinn Gunnar Einarsson, framkvæmdarstjóri, Austurstræti 8, Reykjavík. Varamaður í stað Jóns Guðlaugssonar, vélsmiðs, var kosinn Halldór Gíslason, skipstjóri, Sólvallagötu 19, Reykjavík.

Reykjavík, 29. júlí 1935.
H.f. Hampiðjan
Guðm. S. Guðmundsson. Gunnar Einarsson. Guðmann Hróbjartsson.

34. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirritaðir rekum kemiska fatahreinsun og litun hér í bænum, sem fullábyrgðir félagar, undir firmanafninu Efnalaugin Glæsir.

Hvor okkar um sig getur skuldbundið firmað við allan daglegan rekstur þess, en við veðsetningu eigna þess og lántökur þarf undirskrift okkar beggja.

Firmaritun:

Efnalaugin Glæsir
M. Magnússon.
Efnalaugin Glæsir
Ingim. Jónsson.
Efnalaugin Glæsir
M. Magnússon. Ingim. Jónsson.
Reykjavík, 28. ágúst 1935.
Magnús Magnússon,
Breiðablik, Seltjarnarnesi.
Ingimundur Jónsson,
Bergstaðastræti 17 B, Reykjavík.

35. Elísabet og Guðrún Jónsdætur, Framnesveg 17, Reykjavík, til kynna til firmaskrár Reykjavíkur, að þær reki þvottahús hér í bænum sem fullábyrgir félagar undir nafninu: Þvottahúsið Grýta".

Undirskrift beggja er nauðsynleg til að skuldbinda firmað.

Firmað ritum við þannig:

Þvottahúsið Grýta
Guðrún H. Jónsdóttir. Elísabet Jónsdóttir.
Reykjavík, 24. sept. 1935.
Guðrún H. Jónsdóttir. Elísabet Jónsdóttir.

36. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að við skipti í dánarbúi B. H. Bjarnason, kaupmanns hér í bæ, þann 15. júlí s. l., var syni hans Hákoni

B. Bjarnason, til heimilis í Sumaer, Wash., U. S. A., lögð út upp í arfahluta hans verzlunin B. H. Bjarnason, og var jafnframt svo ákveðið, að verzlunin skyldi rekin undir sama nafni og áður samkvæmt ákvæði í erfðaskrá hins látna. 183

Reykjavík, 15. ágúst 1935.
F. h. skiptaforstjóranna í dánarbúi B. H. Bjarnason.
Jón Ásbjörnsson.

37. Ég leyfi mér hér með að tilkynna til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirritaður hefi í dag selt hr. Sigurði Sveinssyni, Bergstaðastræti 14 hér í bæ, verzlun mína, svonefnda „Verzlun B. H. Bjarnason“, og miðast kaupin við 1. þ. m.

Allar skuldbindingar verzlunarinnar, frá 1. þ. m. að telja, eru því mér óviðkomandi.

Reykjavík, 6. ágúst 1935.
Hákon B. Bjarnason.

Eins og að ofan greinir, hefi ég undirritaður, með kaupsamningi, dags. í dag, keypt „Verzlunina B. H. Bjarnason“ af herra kaupmanni Hákoni Bjarnason hér í bæ, og miðast kaupin við 1. þ. m. Rek ég því verzlunina frá þeim tíma að telja á mína ábyrgð og undir sama nafni og áður.

Firmað rita ég þannig:

„Verzlun B. H. Bjarnason“.
Sigurður Sveinsson.
Reykjavík, 6. ágúst 1935.
Sigurður Sveinsson.

38. Ég undirritaður, Guðmundur Gamalíelsson, bóksali í Reykjavík, gef hér með herra gjaldkera Finni M. Einarssyni umboð sem prókúruhafa fyrir verzlun mína og aðrar eignir frá 10. sept. 1935 að telja, og hefir hann öll réttindi prókúruhafa samkvæmt gildandi lögum.

Hann undirritar fyrir mín hönd þannig:

pr. pr. Guðmundur Gamalíelsson
Finnur M. Einarsson.
Reykjavík, 9. sept. 1935.
Guðm. Gamalíelsson.

39. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirrituð hefi með kaupsamningi, dags. 31. maí 1935, selt frú Sigríði Helgadóttur, Hverfisgötu 98, hér í bæ, verzlun mína, „Hattaverzlun Margrétar Leví“ ásamt firma-

183 nafninu. Allar skuldbindingar verzlunarinnar frá dags. kaupsamningsins eru mér því óviðkomandi.

Reykjavík, 12. sept. 1935.
Margrét Sigurðsson.

Eins og að ofan greinir, hefi ég undirrituð með kaupsamningi dags. 31. maí 1935 keypt „Hattaverzlun Margrétar Leví“ ásamt firmanafni af frú Margréti Stefánsdóttur Sigurðsson, hér í bæ, og miðast kaupin við dags. kaupsamningsins. Rek ég því verzlunina frá þeim tíma að telja á mína ábyrgð og undir sama nafni og áður.

Firmað rita ég þannig:

Hattaverzlun Margrétar Leví
Sigríður Helgadóttir.
Reykjavík, 12. sept. 1935.
Sigríður Helgadóttir.

40. Ég undirritaður, P. M. Bjarnason, kaupm. í Reykjavík, hefi í dag selt hr. kaupm. Stefáni Bjarnason minn hluta í firmanu „Pétur M. Bjarnason & Co.“, og er verzlunin frá deginum í dag rekin á hans ábyrgð og skuldbindingar hennar frá þessum degi mér óviðkomandi.

Reykjavík, 2. ágúst 1935.
Pétur M. Bjarnason.

Samkvæmt ofanrituðu hefi ég keypt firmað „Pétur M. Bjarnason & Co.“, og ber ég sem einkaeigandi ábyrgð á skuldbindingum þess frá deginum í dag.

Firmað rita ég þannig:

Pétur M. Bjarnason & Co.
Stefán Bjarnason.

41. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirrituð rek smásöluverzlun hér í bænum, með ótakmarkaðri ábyrgð, undir firmanafninu „Tóbak og sælgæti“.

Ég ein hefi rétt til að rita firmað og rita það þannig:

Tóbak og sælgæti.
Ása Jóhannsdóttir.
Reykjavík, 10. október 1935.
Ása Jóhannsdóttir.

42. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirritaðir rekum hér í bænum með ótakmarkaðri ábyrgð raflampagerð undir firmanafninu

„Raflampagerðin". Firmað ritum við hvor fyrir sig, en þó þarf undirskrift 183
beggja, ef um er að ræða sölu, veðsetningu eða aðrar meiri háttar skuldbindingar.

Firmaritun:

Raflampagerðin
Þorsteinn Hannesson.
Raflampagerðin
Kristþór Alexandersson.
Raflampagerðin
Þorsteinn Hannesson. Kristþór Alexandersson.
Reykjavík, 28. sept. 1935.
Þorsteinn Hannesson. Kristþór Alexandersson.

43. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég hefi selt verzlun mína, „Bókaverzlun Þór. B. Þorlákssonar", hér í bæ, þeim Jóni St. Arnórssyni, Laufásveg 10, og Steingrími Arnórssyni, Þingholtsstr. 21, frá 17. júlí s. l., og ber ég því enga ábyrgð á skuldbindingum verzlunarinnar frá þeim tíma. Jafnframt hefi ég veitt samþykki til þess, að verzlunin gangi undir sama firmanafni og áður.

Reykjavík, 12. október 1935.
Sigríður Snæbjarnardóttir.

Samkvæmt ofanrituðu höfum við undirritaðir keypt „Bókaverzlun Þór. B. Þorláksson", hér í bæ, og rekum hana sem fullábyrgir félagar frá 17. júlí 1935. En eldri skuldbindingar og skuldir verzlunarinnar eru okkur óviðkomandi. Firmað ritum við hvor í sínu lagi þannig:

Bókav. Þór. B. Þorlákssonar
Jón St. Arnórsson.
Bókav. Þór. B. Þorlákssonar
Stgr. Arnórsson.
Reykjavík, 12. október 1935.
Jón St. Arnórsson. Stgr. Arnórsson.

44. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég rek hér í bænum prentmyndagerð (Cliché-Anstalt) undir nafninu „Prentmyndagerðin", og rita ég einn firmað þannig:

Prentmyndagerðin
Ól. J. Hvanndal.
Reykjavík, 25. okt. 1935.
Ól. J. Hvanndal.

45. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að firmað Heitt & Kalt hefir frá 1. okt að telja verið selt hr. bryta Guðlaugi Guðmundssyni, Ing-

183 ólfsstræti 3, hér í bænum. Rekur hann firmað einn framvegis og á sína ábyrgð.

Reykjavík, 1. október 1935.
Ásta Þorsteinsdóttir.
f. h. erfingja Elísabetar Sigurðardóttur
Einar B. Guðmundsson
(samkv. umboði).

Samkvæmt ofanrituðu hefi ég í dag keypt matsöluhúsið Heitt & Kalt, hér í bænum, og rek ég það áfram undir sama firmanafni og á mína ábyrgð. Firmað rita ég þannig:

Heitt & Kalt
Guðl. Guðmundsson.
Reykjavík, 18. okt. 1935.
Guðl. Guðmundsson.

46. Ég undirritaður eigandi verzl. Barónsbúð tilkynni hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að ég í dag hefi selt kaupm. Cæsari Mar nefnda verzlun, og eru skuldbindingar firmans mér óviðkomandi frá deginum í dag að telja.

Reykjavík, 17. okt. 1935.
Sigurþór Guðmundsson.

Samkvæmt ofanrituðu hefi ég í dag keypt verzlunina Barónsbúð, hér í bænum, og rek ég hana sem fullábyrgur eigandi frá og með deginum í dag. Eldri skuldbindingar verzlunarinnar eru mér óviðkomandi. Firmað rita ég þannig:

Barónsbúð
Cæsar Mar.
Reykjavík, 17. okt. 1935.
Cæsar Mar.

47. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að frá 7. apríl þ. á. er meðundirritaður, Marteinn Steindórsson, genginn úr firmanu Nýlenduvöruverzlunin Jes Zimsen, Reykjavík, og er allur rekstur firmans og skuldbindingar eftir þann tíma honum óviðkomandi.

Reykjavík, 25. okt. 1935.
Marteinn Steindórsson. Sigurgísli Guðnason.

Frá 7. apríl þ. á. rek ég undirritaður, Sigurgísli Guðnason, firmað Nýlenduvöruverzlunin Jes Zimsen, Reykjavík, áfram á mína ábyrgð. Ég einn hefi rétt til að rita firmað og geri það þannig:

Nýlenduvöruverzlunin Jes Zimsen
Sigurgísli Guðnason.
Reykjavík, 25. okt. 1935.
Sigurgísli Guðnason.

48. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að samkvæmt vinsamlegu samkomulagi gengur hr. Frits Nathan, til heimilis í Kaupmannahöfn, úr firmanu Nathan & Olsen frá og með 31. þ. m. Eru því allar skuldbindingar firmans, þær, er stofnaðar verða eftir þann dag, honum óviðkomandi. 183

Hinsvegar halda hinir félagarnir, Carl Olsen og John Fenger, sem hefir verið meðeigandi og fullábyrgur félagi síðan 1. júní 1914, áfram að reka firmað sem fullábyrgir félagar með óbreyttu firmanafni.

Reykjavík, 16. desbr. 1935.
Carl Olsen. John Fenger.

49. Ég undirritaður tilkynni hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að ég rek hér í bænum saftgerð og sultugerð undir firmanafninu „Saftgerðin Humall“. Firmað rek ég með ótakmarkaðri ábyrgð og rita það þannig:

Saftgerðin Humall.
Jónas Jónsson.
Reykjavík, 20. nóv. 1935.
Jónas Jónsson.

50. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég rek hér í bænum verzlun með ótakmarkaðri ábyrgð undir nafninu „Búðin“, og rita ég einn firmað þannig:

Búðin
F. Gunnlaugsson.
Reykjavík, 3. des. 1935.
Filippus Gunnlaugsson,
Túngötu 16.

51. Ég undirritaður Einar Kristjánsson, Sjafnargötu 6, Reykjavík, tilkynni hér með, að ég er frá 1. desember þ. á. genginn úr firmanu Kauphöllin, og eru allar skuldbindingar firmans eftir þann tíma mér óviðkomandi.

Reykjavík, 20. nóv. 1935.
E. Kristjánsson.

Samkvæmt ofanrituðu er Einar Kristjánsson, Sjafnargötu 6, Reykjavík, genginn úr firmanu Kauphöllin, og rekum vér tveir eigendur firmans það framvegis á sama hátt og undanfarið.

Reykjavík, 28. nóv. 1935.
Stefán Bjarnason. Aron Guðbrandsson.

183 **2. Mýra- og Borgarfjarðarsýsla.**

1. H/f. Svanur rekur fiskveiðar og skylda atvinnu á Akranesi, og eru samþykktir dags. 16. febr. 1935. Stofnendur eru: Húsfrú Jónína Eggertsdóttir, Akranesi, Ólafur B. Björnsson, kaupm., s. st., Árni Sigurðsson, útgerðarm., s. st., Þorbergur Sveinsson, útgerðarm., s. st., Halldór Jónsson, útgerðarm., s. st., Þórður Ásmundsson, útgerðarm., s., st., Magnús Guðmundsson, útgerðarm., s. st., Hallgrímur Björnsson, læknir, s. st., Jón Sigmundsson, kaupm., s. st., Ólafur Fr. Sigurðsson, kaupm., s. st., Ragnar Friðriksson, skipstj., s. st. og Kristinn Guðmundsson, skipstjóri, s. st.

Stjórn félagsins skipa: Ól. B. Björnsson, Þórður Ásmundsson og Jón Sigmundsson. Framkvæmdarstjóri er Sigurður Vigfússon og hefir prókúruumboð og ritar firmað þannig:

pr. pr. hlutafélagið Svanur
Sigurður Vigfússon.

Tveir úr stjórninni geta skuldbundið félagið, og rita þeir það þannig:

f. h. hlutafélagið „Svanur"
Ól. B. Björnsson. Jón Sigmundsson.
f. h. hlutafélagið „Svanur"
Ól. B. Björnsson. Þórður Ásmundsson.
f. h. hlutafélagið „Svanur"
Jón Sigmundsson. Þórður Ásmundsson.

Hlutaféð er 5000 krónur, er skiptist í 250 kr. hluti, og er að fullu greitt. Hlutabréfin hljóða á nafn, og fylgja þeim engin sérréttindi og ekki heldur lausnarskylda.

Hluthöfum er óheimilt að framselja hlutabréf sín til eignar, nema félaginu sé sjálfu gefinn kostur á að kaupa þau fyrir sama verð og með sömu skilmálum og aðrir bjóða.

Fundi skal boða með viku fyrirvara. Eitt atkvæði er fyrir hverjar 250 kr., sem hluthafi á í félaginu. Þó má enginn hluthafi fara með meira en $\frac{1}{5}$ atkvæða.

**3. Barðastrandarsýsla.**

1. Hér með tilkynnist, að á aðalfundi hlutafélagsins „Verðandi" í Bíldudal, sem haldinn var 11. þ. m., gengu úr stjórn félagsins þeir: Ágúst Sigurðsson, Samúel Pálsson og Jón J. Maron. Í þeirra stað voru kosnir í stjórnina: Kristján Árnason, skipstjóri, Guðbjartur Ólason, sjómaður, formaður, og Brynjólfur Eiríksson, sjómaður, allir til heimilis á Bíldudal.

Bíldudal, 20. júní 1935.
H/f. Verðandi.
Guðbj. Ólason. Kristján Árnason. Brynj. Eiríksson.

2. Við undirritaðir, sem kosnir vorum í stjórn hlutafélagsins „Verðandi“ í Bíldudal á aðalfundi þess 11. þ. m., veitum hér með kaupm. Samúel Pálssyni og kaupm. Jóni S. Bjarnarsyni, báðum til heimilis í Bíldudal, fullt og ótakmarkað umboð til að annast stjórnarstörf í framangreindu félagi í fjarveru okkar. 183

Bíldudal, 20. júní 1935.

Guðbj. Ólason. Kristján Árnason. Brynj. Eiríksson.

### 4. Ísafjarðarsýsla og Ísafjarðarkaupstaður.

1. Hinn 7. þ. m. var bú Wilhelms Guðmundssonar, kaupmanns á Ísafirði, tekið til gjaldþrotaskipta. Verzlunin Ísafold, er hann hefir rekið, er hætt.

Skiptaráðandinn á Ísafirði, 20. marz 1935.

Torfi Hjartarson.

2. Ég undirrituð ekkja Jóns S. Edwald, kaupmanns á Ísafirði, hefi gengizt við arfi og skuldum í búinu. Procuru fyrir verzlunina hefir Tryggvi Jóakimsson, konsúll á Ísafirði.

Verzlunina ritar hann þannig:

p. p. J. S. Edwald db.
Tryggvi Jóakimsson.

Ísafirði, 16. maí 1935.

Sigrún Edwald.

3. Hér með tilkynnist til firmaskrár Ísafjarðar, að ég hefi selt Timburverzlunina „Björk“ á Ísafirði þeim Hallgrími Péturssyni og Jóni Kristjánssyni, húsasmiðum á Ísafirði, frá og með deginum 20. maí þ. á. að telja, og eru mér því óviðkomandi allar þær skuldbindingar, er gerðar kunna að verða eftir þann tíma undir greindu firmanafni.

